

GEYMSLUSKÚR
 Um geymsluskúr, mhl 02, gildir almenn byggingarlýsing eins og við getur átt. Skúrinn hvílir á tréstaurom og gólf er smíðað úr timbri. Gólf og þak eru einangruð með 100 mm steinull, útveggir með 50 mm steinull. Útveggir og þak eru klædd að innan án "rafagnagrindar". Reiknað er með takmarkaðri upphitun. Lagnir eru sýnilegar.

LÓÐ
 Lýst er höfuðdráttum en að öðru leyti er lóðarlýsing leiðbeinandi.

Aðkoma er við norðlega hlöð. 3 bílastæði eru við aðkomuveg og önnur 3 stæði næst húsi. Sorphröð er við norðlega húshlið í göðum tengslum við aðkomu.

Meginhluti löðar, einkum suðlægur, verður að mestu óhreyft land. Leiksvæði er miðlegt, vestan við hús. Þar má koma fyrir sandkassa, klifurgrind, leikkofa og rólum. Gróður er sýndur með táknrænum hætti. Á norðvestlegri löð er grasflötur sem nota má sem sparkvöll. Í norðaustlegu horni, í göðum tengslum við aðkomu, er land lagað til fyrir tjaldstæði.


Gróður er sýndur með táknrænum hætti. Almenn er reiknað með lágum runnagröðri og stökum birkitrjúm, hefðbundnum innlendum tegundum.

Samráð skal vera milli lóðahafa um landmátun og gróður á löðamörkum.

ELDVARNIR
 Auk aðaldyra eru svaladyr við eldhúskrók og tvöfaldar dyr í stofu. Björgunarpur eru í svefnrymum. Frágangur þeirra í samræmi við reglugerð, opunarábnadur sem eldvarnarefirlit samþykkir. 2 reykskyrnjar eru í húsinu, - sjá grunnmyndir. Öll innri klæðning skal a.m.k. vera í flokki 2 skv. reglugerð. Eldstæði / kamína, - stöðluð framleiðsla úr eldföstum efnum í samræmi við reglugerð. Reykháfur er jafnframt stöðluð smíð í samræmi við reglugerð, - hvermál miðast við stærð kamínu. Rör er tvöfalt með einangrun milli laga. Nánari útfærsla verður færð á sérmynd, þegar framleiðandi hefur verið valinn. Kamína og reykháfur eru höð samþykki eldvarnarefirlits.

AFSTÖÐUMYND m 1:500

YFIRLITSMYND m 1:2000



SAMPYKKT
 21 JAN. 2009
W. Einarsson
 Byggingafulltrúi vpsv. Árnessýslu og Flóah.

BYGGINGARLÝSING

Sumarhús
 Skeiðhólt 2, lóð 1
 lnr. 217165, stgr. 80010

Frítundahús án heimildar til fastrar búsetu. Húsið er staðsett nærri miðri lóð. Aðkoma er um stutta akbraut frá aðkomuvegi við norðlæg löðamörk. Innangangur er á vestlegri húshlið. Byggt er lágrest timburhús, hæð og ris. Gólfhlötur heðar er brúttó 5 m x 10 m, - andýri, stofa með eldhúskrók 2 svefnklefar og bað. Svefnloft er yfir rúmum helmingi heðar, ytri mál um 5 m x 5,9 m. Hátt er til lofts í stofu, - að innri klæðningu undir þaki.

Aðalbyggingarefni er timbur.

Sökkjar og gólf eru steinsteypt. Einangrað er innan á sökkla og undir plötu með 75 mm steinull, sökkulplötum, eða á annan jafngöðan hátt skv. nánari skilgreiningu verkfræðings.

Útveggir eru trégrindarveggir. Burðargrind er klædd utan með vindvarnarlagi. Ytri klæðning er borðvödur, festur á lektur. Loftað bil er bak við klæðningu. Einangrað er í grind með 150 mm steinull. Innan við grind og einangrun er rakavarnarlag. Innan við rakavarnarlag er afrétt grind ("rafagnagrind"). Innri klæðning er panill eða krossviðarplötur.

Þakvödur er lýst með fyrirvara um nánari burðarþolsútreikninga verkfræðings, þaksperrur eru 220 mm x 45 mm furuplankar. Í manni er límré, borið af gólfveggjum og límréssálu í miðju. Klett er ofan á sperrum með borðvöð, þakpappa og þakstáli. Einangrað er milli sperra með 200 mm steinull. Þar yfir er vindvörn. Undir sperrum er rakavarnarlag. Þar undir er grind og innri klæðning og einangrað í grind með 50 mm steinull. Ofan við vindvörn er 25 mm útlöftað bil, sbr. byggingarreglugerð, og skulu útlöftunarráufar vera í þakbrún við langhlöð, - jöfn dreifing. Útlöftunarráufar eru að lágmarki 25000 mm². Viðmiðun 1 stk. 35 mm útlöftunarrör með innbyggðu skordýraneti í hvert sperrubíl. Sjá nánar sérupprátt arkitekts af þakhlutum.

Rakavarnarlag í útveggjum og þaki: Rakavarnarlag skal setja saman hæfilega skorað með þar til ætluðum þéttiborða milli laga. Samskeyti rakavarnarlaga eru á heilu undirlagi (sperru, uppistöðu í grind eða lausholti) og listi yfir.

Glugga og útihúðir skal smíða úr timbri. Gluggar og dyrakarmar sitja yst í útvegg, fest í frégrind með 10 mm galvanhúðuðum stálboltum, m/m 600 mm. Boltum er sökk í karma og sponsað yfir. Þétt er í fágur með þarileiðluðum frauðefni eða olíutróði. Að utan og innan er víðeigandi þéttistírill og kittað yfir með þakstáli. Að ofan er áfella sem þéttuð er bak við ytri klæðningu og nær út yfir karm. Undir glugga er sálþekkur úr þi sem veitir vatni út fyrir ytri klæðningu. Gluggar eru fúvarðir - þrýstivarðir - skv. staðli. Að utan er borin á þá lítt þekjandi viðarvörn í "náttúruleit". Að innan eru borin á þá ein umferð af sama efni og lokað yfir með gleru lokki. Á opnanlegum fögum er bádnður sem getur haldið þeim föstum í breytilegri stöðu, - með viðurkenndri barnaleisingu. Í björgunarpurum er víðeigandi sérþúnadur sem eldvarnarefirlit samþykkir. Tvöfalt gler er í gluggum, - k-gler. Sjá nánar gluggateikningar og sérlýsingu arkitekts.

Um þakglugga gilda ofanskráð atriði eftir því sem við getur átt. Honum fylgja þarileiðir fylgihlutir sem falla að þakstáli. Ath. að þakgluggi er jafnframt björgunarpur.

U-gildi byggingarhluta:

Byggingarhluti	U-gildi W/m ² K
þak	0,2
útveggur	0,3
gluggar (karmar, gler vegið meðaltal, k-gler)	2,0
hurðir	3,0
gólf á fyllingu	0,3
vegið meðaltal útvegja er	0,85

Léttir innveggir eru trégrindarveggir, fylltir með steinull og klæddir á báða vegu með krossviðarplötum eða panil. Stigi er smíðaður úr timbri, 11 þrep, uppstig/framstig = 220 mm/210 mm. Handrið á millipalli er smíðað úr timbri, lágmarkshæð mælt frá fullfrágengnu gólfi 1000 mm.

Rotþró er sýnd á táknrænum hátt með fyrirvara. Útfærsla verður skv. uppráttum og fyrirmælum verkfræðings í samráði við byggingarfulltrúa. Skóplagnir eru lagðar undir botnplötu með hefðbundnum hætti. Inntakskassi (-skápur) er á austlegri úthlið fyrir rafmagn, neysluvatn og heitt vatn. Vatns-, hita- og rafagnir eru í grind innan á útveggjum og í innveggjum. Rafagnir eru jafnframt á bak við loftklæðningu og bak við innri klæðningu í þaki. Hliðar er með hefðbundnum miðstöðvarofnum. Heit útsætlau er tengd lagnakerfi hússins. Á setlaug er lesanlegt lok til öryggis. Barmur skal vera a.m.k. 0,4 m yfir göngusvæði umhverfis laug. Laugin er staðsett með fyrirvara og heimilt skal vera að færa hana til. Ótráviljanlegt skilyrði er þó að öryggiskröfur séu uppfylltar.

Sorphröslur, staðlaðar einingar úr timbri utan um 2 sorptunnur, eru næst heimgangi við norðlega húshlið.

Allt timbur skal vera þrýstivaríð og á það skal bera lítt þekjandi olíu, - "náttúruleit".

Litir: Ytri veggfletir og gluggar eru með "náttúrulegum" vðarlit, - þakstál verði málað rautt, - þakniðurföll, áfellur og fylgihlutir í ljósum lit eða með málmáferð, - allt nánara litaval í samráði við arkitekt hússins.

SUMARHÚS	H. GeSÓ	Nr. shh-A01
Skeiðhólt 2, lóð 01	M. 1:500, 1:2000 (A2)	
afstöðumynd, yfirlitsmynd	D. 06.01.2009	útg. 08.02.'09

Gunnar S. Óskarsson arkitekt FAI kt 180544 4299
 Teiknistofa GSÓ ehf Laugavegi 8 101 Reykjavík kt 420502 2140
 Vinnustofa Grettisgötu 3a s 551 7980 f 551 7989 netfang geso@simnet.is